



Leiðbeiningar vegna gildandi almannavarnarstigs og reglugerða

- Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfar í dag á hættustigi og eru þessar leiðbeiningar gefnar út í samræmi við gildandi almannavarnarstig og takmarkanir þær sem stjórnvöld hafa gefið út.
- Meginsjónarmiðin eru þau að halda úti þjónustu eins lítið skertri og hægt er en að viðhafa eðlilegar smitvarnir í samræmi við leiðbeiningar Landlæknis.
- Leiðbeiningar verða endurmetnar og uppfærðar eftir því sem stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkunum og ef almannavarnarstig breytist.
- **Sértækar leiðbeiningar sem snúa að starfsemi fagsviða og að tilteknum atriðum vegna þjónustu þeirra eru gefnar út af viðkomandi fagsviði.**

Vegna gildandi takmarkanna á samkomum frá 25.júlí til 13.ágúst 2021

- Takmörkun á fjölda einstaklinga sem kemur saman miðast við **200**.
- Í allri starfsemi skal viðhöfð sú regla að hafa **1 metra** á milli einstaklinga og því þarf að gæta að eins metra reglunni í samskiptum við aðra.
- Fjöldatakmörkun og nálægðarmörk **eiga ekki við um börn sem fædd eru 2016 og síðar**.
- Mikilvægt er að **huga vel að einstaklingsbundnum sóttvörnum** (handhreinsun, forðast óþarfa snertingu við andlit sitt og alla snertingu við andlit annarra og huga að almennu hreinlæti). Heilsa ekki með handabandi og forðast faðmlög.
- Mikilvægt er að vera á verði gagnvart COVID-19 einkennum og **fara strax í sýnatöku** ef þeirra verður vart.
- Upplýsa strax næsta yfirmann ef grunur vaknar um sýkingu af völdum COVID-19.

Grímunotkun

- Almennt er ekki skylda að nota grímur en í þeim tilfellum **þar sem starfsfólk getur ekki tryggt eins metra fjarlægð í störfum sínum er grímuskylda**.
- **Tilmæli eru til starfsfólks í þjónustustörfum að nota grímur þó það geti tryggt eins metra regluna.**
- **Starfsfólk sem starfar í nánú samneyti við aðra einstaklinga skal nota grímur s.s. í umönnunarstörfum á velferðarsviði. Á þetta bæði við um starfsfólk sem hafa verið bóluset og starfsfólk sem ekki er bóluset.**
- Starfsfólk er hvatt til að sýna tillitsemi gagnvart grímunotkun annarra. Þá er starfsfólk sem getur viðhaft 1 metra reglu í þjónustu beðið um að sýna því skilning ef sá sem þjónustuna þiggur óskar eftir að starfsmaður noti grímu við þær aðstæður.



Vegna heimkomu starfsfólks um landamæri

Frá miðnætti þriðjudaginn 27. júlí 2021 er eftirfarandi í gildi vegna skimunar við landamæri skv. **ákvörðun heilbrigðisráðherra þar um**. Frá og með þeim tíma þurfa allir bólusettir einstaklingar eða þeir sem eru með staðfesta fyrri sýkingu sem koma til Íslands að framvísa ekki eldra en 72 klst. gömlu neikvæðu Covid-prófi, PCR eða antigen (hraðprófi), við byrðingu erlendis.

Bólusett starfsfólk og starfsfólk sem hefur fengið COVID-19 sem er að koma erlendis frá og á að hefja störf innan 7 daga frá heimkomu á undantekningalaust að skila neikvæðu PCR-vottorði fyrir COVID-19 ÁÐUR en það mætir til starfa, þrátt fyrir að PCR – eða Antigen próf hafi verið tekið fyrir komuna til landsins þarf að endurtaka prófið eftir heimkomu. Þegar óskað er eftir sýnatöku skal merkja við þau einkenni sem einstaklingur finnur fyrir.

Merktu við þau COVID-19 einkenni sem þú finnur fyrir

- Hiti
- Slappleiki
- Hósti
- Hálssærindi
- Kvef
- Beinverkir
- Truflun á lyktar-/bragðskyni
- Ógleði
- Uppköst
- Niðurgangur
- Höfuðverkur
- Skv. tilmælum sóttvarnalæknis

Ef starfsmaður er einkennalaus þá skal merkja við *Skv. tilmælum sóttvarnalæknis*.

Starfsmaður getur síðan mætt til vinnu um leið og neikvæð niðurstaða kemur úr skimun eftir heimkomu. Fimm dögum eftir heimkomu þarf starfsfólk þó að fara sérstaklega varlega og vera vakandi yfir einkennum, vera með grímu og ber að ástunda góðar persónulegar sóttvarnir.

Óbólusett starfsfólk fylgir áfram reglum stjórnvalda og þarf að framvísa PCR-vottorði sem eru ekki eldri en 72 klst. gömul, **auk að fara í tvær PCR-skimanir með fimm daga sóttkví á milli skimana**.

Í leiðbeiningum sóttvarnalæknis kemur fram að íbúum Íslands er ráðið frá ferðalögum til **áhættusvæða** vegna smithættu en mörg lönd eru enn skilgreind sem áhættusvæði vegna COVID-19. Áhættusvæði geta breyst hratt og geta verið önnur svæði skilgreind við heimkomu en brottför og þá gildir skilgreining við heimkomu. Starfsmaður sem, án þess að brýna nauðsyn beri til, fer inn á skilgreint áhættusvæði sem kallar á það að hann fari í sóttkví þegar heim kemur telst því vera í sóttkví samkvæmt eigin ákvörðun.

Hægt er að óska eftir vinnuframlagi af starfsfólki í sóttkví séu verkefni starfsmanns þess eðlis að hægt er að vinna að heiman. Slíkt skráist sem venjulegur vinnutími í Vinnustund. Annars er skráð Sóttkví skv. eigin ákvörðun og þarf starfsmaður þá að nýta orlof eða taka launalaust leyfi þann tíma sem hann er í sóttkví.

Ef niðurstöður skimunar reynast jákvæðar og starfsfólk er sett í einangrun eða ef starfsmaður veikist er starfsmaður skráður í veikindi.



Tilkynningar um smit hjá starfsfólki

Reykjavíkurborg vinnur eftir leiðbeiningum sóttvarnalæknis og náði með rakningateymi ef upp kemur smit hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar. Ef staðfest er smit hjá starfsmanni er það tilkynnt samstarfsfólki. Þá er starfsfólki sem starfar í sama húsi og getur hafa verið í umgengi við viðkomandi tilkynnt um að greinst hafi smit í húsinu en ekki er tilgreint hjá hvaða starfsmanni. Starfsfólki sem telur að það hafi mögulega smitast skal hafa samband við sinn næsta yfirmann.